

## Fundargerð

Stjórnarfundur nr. 112

18. maí 2021

*Stjórn Menntaskóla Borgarfjarðar kom saman í húsnæði skólans föstudaginn 18. maí 2021 kl. 16:00. Mættir: Flosi Sigurðsson, Helena Guttormsdóttir, Inga Dóra Halldórsdóttir, Sigursteinn Sigurðsson og Bragi Þór Svavarsson skólameistari. Í fjarfundarbúnaði mættu Helgi Haukur Hauksson og Hrefna B. Jónsdóttir. Gestir fundarins voru Helga Karlsdóttir fjármálastjóri MB, Lilja S. Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari MB, Páll Snævar Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV og Signý Óskarsdóttir framkvæmdastjóri Creatrix.*

*Fundargerð ritaði Sigursteinn Sigurðsson*

### 1. Fundur settur

Formaður stjórnar setti fundinn og bauð fundargesti velkomna.

### 2. Fundargerðir fyrri fundar borinn upp til samþykkt

Engar athugasemdir bárust við fundargerðir fyrir fund nr. 111 og var hún samþykkt.

### 3. Menntun fyrir störf framtíðar – Skýrsla starfshóps

Signý Óskarsdóttir frá Creatrix var gestur fundarins og fór yfir skýrslu starfshóps um menntun fyrir störf framtíðar (MFS). Umræður fóru fram í kjölfarið. Signýju var þökkuð góð og greinargóð skýrsla og kynning.

Skólameistari fór yfir næstu skref í verkefninu og kynnti verkáætlun næstu vikna fyrir stjórn. Lagt er til að farið verði í gerð tímasettrar áætlunar ásamt fjárhagsáætlun MFS fyrir árin 2021 og 2022, og áætlað að hún verði lögð fram á fundi stjórnar í ágúst og nóvember. Samþykkt einróma.

### 4. Þriggja mánaða uppgjör

Helga Karlsdóttir fjármálastjóri kom inn sem gestur fundarins og fór yfir þriggja mánaða uppgjör MB. Fjármálastjóri benti á að skekkja er í uppgjörinu tekjumegin en það á eftir að koma inn leiðrétting á framlagi ríkisins fyrir fyrstu þrjá mánuði ársins.

Umræður fóru fram í kjölfarið og Helgu þökkuð kynningin.



**MENNTASKÓLI BORGARFJARÐAR**

## **5. Gæðamál**

Lilja S. Ólafsdóttir aðstoðarskólameistari kom inn á fundinn og ræddi stöðu gæðamála og starf gæðaráðs MB. Haldnir hafa verið fimm fundir í ráðinu það sem af er skólaári. Jafnframt verður ytra mat á næsta ári sem framkvæmt er af Menntamálastofnun.

Rætt var um úttekt Rannsóknar og greiningar og úttekt Skólapúlsins. Rætt um námsmat áfanga og þá áfanga í fjarnámi og tilhöggun prófa. Farið var yfir aðgerðaáætlanir varðandi gæðamál.

Skólameistari og aðstoðarskólameistari hafa tekið gæðamatsviðtöl við nemendur og almennt eru útkoman mjög góð sem er ánægjulegt. Aðstoðarskólameistari útskýrði aðferðarfræðina við framkvæmdina. Almennt standa gæðamál mjög vel.

Aðstoðarskólameistari upplýsir að jafnlaunavottun var sett á bið vegna ýmissa ástæðna, og verður sú vinna endurvakin þegar aðstæður leyfa. Umræður fóru fram í kjölfarið.

## **6. Endurskoðun á starfsreglum stjórnar**

Formaður stjórnar fór yfir endurskoðaðar starfsreglur stjórnar MB en sú vinna var unnin af formanni og Hrefnu Jónsdóttur stjórnarmanni.

Starfsreglur bornar upp til samþykktar og voru þær samþykktar einróma. Starfsreglurnar eru birtar á vef skólans [www.menntaborg.is](http://www.menntaborg.is)

## **7. Nemendagarðar**

Skólameistari greindi frá samtali hans við eigendur Borgarbrautar 59 (B59 Hotel) varðandi leigu á hluta húsnæðis fyrir Nemendagarða MB. Þar sem eigandi hótelsins hefur ákveðið að setja fasteignina í söluférlu er ljóst að ekki verður að frekara samtali í bili.

Skólameistara var falið að kanna vilja væntanlegra eigenda á samstarfi í sama anda og rætt hefur verið.

## **8. Skólaakstur/almenningsgöngur**

Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV kynnti útfærslur á almenningssamgöngum á Vesturlandi og möguleika á því hvernig hægt er að samþætta almenningssamgöngur og skólaakstur í sveitarfélaginu. Stjórn MB lýsir yfir áhuga á verkefninu og óskar eftir viðræðum við Borgarbyggð um mögulega útfærslu á verkefninu. Skólameistara og formanni stjórnar er falið að senda Borgarbyggð bréf um áframhaldandi viðræður.

## **9. Mat á störfum innan MB**

Skólameistari fór yfir vinnu vegna athugunar á störfum í stjórnslu MB sem gert var í samstarfi við formann stjórnar og Helga Hauk Hauksson stjórnarmann. Rætt um að farið verði skoðun á starfsferlum á skrifstofu MB, er varðar reikningahald, skjalavörslu o.s.frv. Rætt um að fara í einföldun á þessum verkþáttum. Lagt er til að starfhlutföll haldist óbreytt, en að verkefni verði færð til að dreifa vinnuálagi og var það samþykkt.

Skólasmeistara falið að fylgja málinu eftir.

## **10. Starfsánægjukönnun**

Skólameistari fór yfir starfsánægjukönnun Hagvangs. Starfsánægjukönnun er að koma mjög vel út og fagnar stjórn því.

## **11. Skólastarf**

Skólameistari fór yfir starf skólans og hverjar horfur eru með innritun á næsta skólaári. Fyrirséð er að árgangurinn sem er að útskrifast á upptökusvæði skólans er minni en oft áður og rætt var um að bregðst við því með auknu markaðsstarfi, t.d. með heimsóknnum skólameistara í fleiri grunnskóla.

## **12. Önnur mál**

Engin önnur mál voru borin upp á fundinum.

Fleira var ekki gert og fundir slitið klukkan 19:38.